

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Máls-
kostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 11. maí.

Nr. 47/1913.

Benedikt Benediktsson, Jón
Arason, Óli J. Kristjánsson
og Jól Friðriksson
gegn

Ásgeiri Sigurðssyni fyrir hönd
Edinborgarverzlunar.

D ó m u r :

Áfrýjendur þessa máls, þeir Benedikt Benediktsson bóndi í Breiðuvík, Jón Arason prestur, Óli J. Kristjánsson snikkari og Jól Friðriksson á Húsavík, tókust með skjali, er þeir undirskrifuðu 4. maí 1907, á hendur sjálf-skuldarábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á því, að vöruúttekt (lán) alt að 2000 kr. mest í einu, sem Þórður Ingvarsson kaupmaður á Húsavík ætlaði að fá frá Edinborgarverzlun á Akureyri, yrði skilvíslega borgað samkvæmt samningi, er Þórður gengi að við nefnda verzlun. Gegn þessari ábyrgð fekk hann vörur lánaðar hjá verzluninni, en hann stóð eigi í skilum með borgun á þeim, og var skuld hans við verzlunina í októbermánuði 1908 orðin yfir 2000 kr. Var þá mál þetta af hálfu verzlunarinnar höfðað á hendur ábyrgðarmönnum fyrir gesta-

rétti Þingeyjarsýslu til greiðslu á alt að 2000 kr. af skuld Þórðar, og var það dæmt í nefndum rétti 7. okt. 1911 með þeim úrslitum að áfryjendur skyldu greiða verzluninni kr. 1378.74 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 22. október 1908 til greiðsludags og 50 kr. í málskostnað. Þessum dómi hafa áfryjendur skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 15. okt. f. á. og krafist þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfu stefnda og hann dæmdur í málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Af hálfu stefnda, Ásgeirs kaupmanns Sigurðssonar fyrir hönd Edinborgarverzlunar, er þess krafist, að gestaréttardómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfryjendur verði, hvernig sem málið fer, dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Áfryjendur halda því fram, að þeir eigi að vera sýknir í málinu, af því að ábyrgð þeirra á skuld Þórðar Ingvarssonar sé fallin burtu, því að skuldin hafi samkvæmt samningi hans við verzlunina átt að vera greidd fyrir nýár 1908, en í stað þess að ganga þá eftir henni hjá ábyrgðarmönnunum, hafi verzlunin gert nýjan samning við Þórð, veitt honum gjaldfrest án vitundar þeirra og látið hann gefa sér tryggingu fyrir skuldinni með víxli, er féll í gjalddaga 15. sept. s. á., en með þessu hafi stefndi gert áfryjendum ómögulegt að fá neitt endurgoldið af skuldinni hjá Þórði, því að meðan hann hafði þennan gjaldfrest hafi hann orðið félaus maður; hafi stefndi því með þessari aðferð losað þá við ábyrgðina, enda muni hann hafa litið svo á sjálfur.

Það styðst þó eigi við neitt í málinu, að stefndi

hafi álitíð eða viðurkent, að ábyrgð áfrýjenda á skuld Þórðar væri fallin burt. Í ábyrgðarskjalinu 4. maí 1907 var ekkert áskilið um gjalddaga á skuldinni, né um það að eigi mætti veita Þórði gjaldfrest, né heldur um það, að stefndi skyldi gera ábyrgðarmönnum viðvart, ef Þórður stæði eigi í skilum, en þeir ábyrgðust að skuldin yrði skilvislega greidd eftir þeim samningi, er Þórður gengi að við verzlunina. Þó að telja megi það nýjan samning, er Þórði var með fyrnefndum víxli veittur gjaldfrestur til 15. sept. 1908, þá getur eigi leikið vafi á því, að nýnefnd ákvæði ábyrgðarskjalsins eigi við þann samning eigi síður en við loforð Þórðar um að greiða skuldina fyrir nýár 1908. Það losaði því eigi áfrýjendur við ábyrgðina, að stefndi veitti áminstan gjaldfrest, og í því efni skiftir það engu, að Þórður gaf jafnframt út víxil fyrir skuldinni. Stefnda var og samkvæmt ábyrgðarskjalinu óskylt, að halda áfrýjendum vakandi um ábyrgð þeirra með því að láta þá vita, hvað líði greiðslu skuldarinnar, en það var þeirra sök að gæta hagsmuna sinna í því efni.

Sýknunarkrafa áfrýjenda verður þannig eigi tekin til greina af framantöldum ástæðum, og með því að þeir hafa eigi tilfært aðrar sýknunarástæður, verður að dæma þá eftir kröfu stefnda til þess, einn fyrir alla og alla fyrir einn, að greiða stefnda kr. 1378,74 a. Með því að einnig verður fallist á ákvæði dómsins um vaxtagreiðslu og málskostnað fyrir gestaréttinum, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þeim úrslitum þykja áfrýjendur eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 krónur.

Kröfu stefnda um ómerking nokkurra ummæla í sóknarskjali áfrýjenda her við réttinn þykir eigi næg

ástæða til að taka til greina eða til að láta málfærslumann þeirra sæta sekt fyrir þau.

Fyrir hinn langa drátt frá 24. okt. 1908 til 23. ágúst 1911 á fyrirtekt og framhaldi þessa gestaréttarmáls, sem dómariinn, Steingrímur sýslumaður Jónsson verður að teljast eiga sök á, en hefir eigi nægilega réttlætt, kemst hann eigi hjá að sæta sekt samkvæmt 17. gr. tilsk. 15. ágúst 1832, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 35. gr.; ákveðst sektin 40 kr. og renni í fátækra sjóð Húsavíkurhrepps.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, Benedikt Benediktsson, Jón Arason, Óli J. Kristjánsson og Jóel Friðriksson greiði stefnda Ásgeiri Sigurðssyni fyrir hönd Edinborgarverzlunar, einn fyrir alla og allir fyrir einn, 40 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Undirdómariinn Steingrímur sýslumaður Jónsson greiði 40 króna sekt í fátækra sjóð Húsavíkurhrepps.

Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.